

# Eineltis- og ofbeldisáætlun Grunnskóla Drangsness (uppfærð haust 2021)

Sjá eyðublöð neðst í þessu skjali:

Tilkynning vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis - nemendur

Tilkynning vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis - starfsfólk

Við líðum ekki einelti – stefna, forvarnir og yfirlýsing starfsfólks Grunnskólans á Drangsnesi í eineltismálum. Í Grunnskólanum á Drangsnesi er lögð rík áhersla á vellíðan nemenda og að þaðan útskriftist lífsglaðir nemendur með jákvæða sjálfsmynd. Einn mikilvægasti liður í því að svo megi verða er að skapa skilyrði sem draga verulega á líkum á því að einelti komi upp. Einelti er skilgreint á eftirfarandi hátt.

Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Einelti getur verið margskonar; líkamlegt, andlegt, félagslegt, rafrænt, munnlegt o.s.frv. Einelti skerðir verulega rétt þess sem fyrir því verður til þess að njóta sinnar skólagöngu.

Einelti í æsku hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér og það er okkar allra sem komum að starfi skólans að leita allra ráða til þess að fyrirbyggja einelti og stöðva það á farsælan hátt. Í skólareglunum sem nemendur og starfsfólk skólans unnu að í sameiningu skólaárið 2016-2017 kemur fram að samskipti okkar skuli einkennast af virðingu; við sýnum náunganum bæði nærgætni og umburðarlyndi. Hér að neðan má lesa stefnuyfirlýsingu starfsfólks skólans sem undirrituð var skólaárið 2016-2017. Auk þess fylgir lýsing á því verkferli sem unnið er eftir ef grunur leikur á einelti í skólanum ásamt helstu forvarnaraðgerðum. Forráðamenn eru hvattir til þess að fylgjast vel með líðan sinna barna og kynna sér vel eftirfarandi upplýsingar. Eineltisáætlun er eins og aðrar áætlanir skólans í sífelldri endurskoðun og eru líðankannanir, skólafundir, samráðsfundir foreldra og barna við kennara og starfsmannaviðtöl m.a. nýtt til þess að skima fyrir einelti og æfa okkur í jákvæðum og góðum samskiptum.

## Stefnuyfirlýsing

Starfsfólk Grunnskólans á Drangsnesi lýsir því yfir að einelti og annað ofbeldi er ekki undir neinum kringumstæðum liðið í skólanum. Skólinn á að vera öruggur staður þar sem skólastarfið mótast af virðingu og umhyggju. Í sameiningu munum við vinna að því að fyrirbyggja einelti og hvers lags ofbeldi t.d. með því að huga vel að samskiptum og kenna nemendum jákvæð samskipti. Við munum vera nemendum góðar fyrirmyndir og traustir bandamenn þegar á reynir, nýta reglulega bekkjarfundi til þess að fara yfir samskiptin í hópnum og hvert tækifæri sem gefst til þess að veita fræðslu um einelti, afleiðingar þess og hvaða leiðir eru færar til þess að uppræta það á farsælan hátt fyrir alla hlutaðeigandi. Hlutverk okkar er að fylgjast vel með líðan og samskiptum í nemendahópnum ásamt því að bregðast fljótt og vel við þegar upp kemur vandi.

## **Ferli**

Ef grunur vaknar um að einelti; hvers kyns ofbeldi og áreitni, eigi sér stað í skólanum: Umsjónarkennari skilar upplýsingum og eða tilkynningarblaði sem nálgast má á heimasíðu skólans, til skólastjóra og vinna þeir í samvinnu við alla hlutaðeigandi að því að uppræta eineltið. Haft er samráð ef þörf þykir við skólasálfræðing og/eða barnaverndaryfirvöld.

## **Forvarnir í eineltis- ofbeldis- áreitnis málum.**

1. Í upphafi hvers skólaárs er rætt um einelti, ofbeldi og áreitni og farið yfir afleiðingar þess. Nemendur og starfsfólk skólans vinna í sameiningu að skólareglum.
  2. Umsjónarkennarar útskýra ferlið og ræða við sína nemendur um hvert þeir eigi að snúa sér ef þeir verða fyrir eða vitni að einelti, ofbeldi eða áreitni.
  3. Öll tækifæri eru gripin til þess að ræða um líðan nemenda og samskipti. Í lífsleikni og lestrarstundum er markvisst unnið að því að kenna jákvæð samskipti og kveikja umræður um einelti og annað er viðkemur þroska og líðan hvers og eins.
  4. Hvatt er til umræðna um líðan allra þeirra sem við skólann starfa um einelti og líðan.
  5. Líðankannanir eru lagðar fyrir einu sinni á skólaári. Umsjónarkennarar vinna úr könnuninni í samstarfi við skólastjóra.
- Á hverju skólaári eru lagðar fyrir líðankannanir í öllum árgöngum og brugðist við þeim upplýsingum sem fram koma í þeim.

## **Áætlun gegn einelti, áreitni í starfsmannahópnum eða annarrar ótilhlýðilegrar hegðunar**

Einelti er ekki liðið í skólanum og allir eiga að njóta sín í starfi. Í öllu starfi Grunnskóla Drangsness eiga starfsmenn og stjórnendur að sýna kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi eða önnur ótilhlýðileg hegðun verður ekki umborin á vinnustaðnum og er bæði stjórnendum og starfsmönnum með öllu óheimil. Forvarnir, umræður og fræðsla og virk viðbragðsáætlun kemur í veg fyrir óæskileg samskipti.

Starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi á vinnustað, eða telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustað, skal upplýsa skólastjóra og/eða æðsta yfirmann sveitarfélagsins. Fyllt er út eyðublað hér að neðan.

## **Óformleg umkvörtun**

Óformleg tilkynning felur ekki í sér sjálfkrafa rannsókn og málið fer ekki lengra nema viðkomandi kjósi að sækja málið formlega, umkvörtunaraðili getur gert tilkynningu sína formlega síðar kjósi hann svo. Upplifi starfsmaður samskiptavanda innan vinnustaðar skal hann leita til fræðslunefndar sem kallar til vinnustaðasálfræðing ef þörf krefur

### **Formleg tilkynning**

Eftir eðli málsins tilkynnir starfsmaður fræðslunefnd eða æðsta yfirmanni ef um einelti, áreitni eða ótilhlýðilega hegðun er að ræða. Starfsmaður fyllir út eyðublað í eineltisáætlun skólans: Tilkynning um einelti, ofbeldi og áreitni - starfsmenn (neðst í skjalinu).

Formleg tilkynning leiðir af sér rannsókn málsins. Sá sem tilkynnir skal vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar.

### **Viðbrögð stjórnenda**

Verði stjórnandi var við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega hegðun eða hefur rökstuddan grun um að framangreind hegðun eigi sér stað innan stofnunarinnar ber honum að bregðast við án tafar í því skyni að koma í veg fyrir að slík hegðun endurtaki sig.

### **Fyrstu viðbrögð**

Skólastjóri og formaður fræðslunefndar ber ábyrgð á rannsókn mála og skulu þeir þegar í stað virkja viðbragðsáætlun. Taka skal allar tilkynningar alvarlega og sýna nærgætni í aðgerðum gagnvart aðilum máls. Skólastjóri skal í samráði við trúnaðarmenn og fulltrúa bæði sveitarstjórnar og fræðslunefndar meta þörf þolanda fyrir stuðning og veita hann eða fá til þess fagaðila  
Leggja skal ríka áherslu á að brugðist sé við hið fyrsta í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að hegðunin endurtaki sig og draga úr frekari skaða.

## **Tilkynning vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis - nemendur**

Tilkynnandi: \_\_\_\_\_

Dags: \_\_\_\_\_

Tengsl við þolanda: \_\_\_\_\_

Umsjónarkennari: \_\_\_\_\_

Skrásetjari: \_\_\_\_\_

Þolandi: \_\_\_\_\_

Meintur gerandi : \_\_\_\_\_

Meintur gerandi : \_\_\_\_\_

Meintur gerandi : \_\_\_\_\_

Meintur gerandi : \_\_\_\_\_

Fleiri sem hugsanlega vita um málið:

\_\_\_\_\_

Hvar á eineltið sér stað? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hve lengi hefur eineltið staðið yfir? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Í hverju er eineltið fólgð? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Tilkynning móttekin og lesin með tilkynnanda þann \_\_\_\_\_

## **Tilkynning vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis - starfsmenn**

Tilkynnandi: \_\_\_\_\_

Dags: \_\_\_\_\_

Tengsl við þolanda: \_\_\_\_\_

Skrásetjari: \_\_\_\_\_

Þolandi: \_\_\_\_\_

Meintur gerandi : \_\_\_\_\_

Meintur gerandi : \_\_\_\_\_

Meintur gerandi : \_\_\_\_\_

Meintur gerandi : \_\_\_\_\_

Fleiri sem hugsanlega vita um málið:

\_\_\_\_\_

Hvar á eineltið sér stað? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hve lengi hefur eineltið staðið yfir? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Í hverju er eineltið fólgð? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Tilkynning móttekin og lesin með tilkynnanda þann \_\_\_\_\_